

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Elínar Guðmundsdóttur og Baldvins Jónssonar, bónda og útgerðarmanns á Svalbarði á Svalbarðsströnd“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. marz 1952. 49
11. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Elínar Guðmundsdóttur og Baldvins Jónssonar,
bónda og útgerðarmanns á Svalbarði á Svalbarðsströnd.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Elínar Guðmundsdóttur og Baldvins Jónsson, bónda og útgerðarmanns á Svalbarði á Svalbarðsströnd.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóni Baldvinssyni, Lundargötu 4, Akureyri, samkv. erfðaskrá, dags. 14. apríl 1944, til minningar um foreldra hans.

Stofnféð er kr. 64073.44 — sextíu og fjögur þúsund sjötíu og þrjár krónur og fjörutíu og fjórir aurar —.

3. gr.

Öll starfsemi sjóðsins skal vera til styrktar dýraverndunar í landinu. En verði stofnuð deild úr Dýraverndunarfélagi Íslands á Akureyri, skal sú deild, öðrum fremur, njóta góðs af starfsemi sjóðsins.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands — A-deild.
20% árlegra vaxta leggist við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn Dýraverndunarfélags Íslands hefur á hendi stjórn sjóðsins og úthlutunum úr honum með tilliti til 3. gr.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. febrúar 1952.

F. h. Dýraverndunarfélags Íslands,

Sigurður E. Hlíðar,
p. t. formaður.

Ólafur Ólafsson,
p. t. gjaldkeri.

Skúli Sveinsson.
B. Gunnlaugsson.